



## Reglur Kópavogsbæjar um leyfi til reksturs leikskóla

### 1. gr.

Bæjarráð Kópavogs getur veitt sjálfseignarstofnunum, hlutafélögum og öðrum aðilum sem reka fyrirtæki samkvæmt öðru viðurkenndu rekstrarformi heimild til að byggja og/eða reka leikskóla í Kópavogi.

Starfsemi leikskólans skal vera í samræmi við ákvæði laga um leikskóla nr. 90/2008 og önnur lög og reglugerðir sem gilda um starfsemi leikskóla eftir því sem við á.

Umsókn skal berast deildarstjóra leikskóladeildar Kópavogsbæjar, Digranesvegi 1. Deildarstjóri leikskóladeildar skal leggja umsókn fyrir leikskólanefnd til umsagnar og bæjarráðs til samþykktar.

Heimilt er að binda leyfi til reksturs leikskóla við hámarks fjölda barna. Leyfilegur hámarksfjöldi getur tekið breytingum í samráði við deildarstjóra leikskóladeildar m.t.t. gildandi viðmiða leikskóladeildar hverju sinni.

### 2. gr.

#### Fylgigögn umsóknar

Skjöl sem fylgja þurfa umsókn og upplýsingar sem verða að koma fram í umsókn:

- Staðfesting á rekstrarformi og samþykktir félagsins
- Málsettar teikningar af húsnæði leikskóla og lóð
- Vottorð Vinnueftirlits ríkisins
- Vottorð Heilbrigðiseftirlitsins
- Upplýsingar um þjónustu við börn með sérþarfir
- Skólanámskrá
- Starfsáætlun
- Áætlun um viðbrögð við slysum og óhöppum
- Staðfesting á tryggingavernd

Einnig þurfa að fylgja umsókn nánari upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi leikskólans, stefnu og áherslur.

### 3. gr.

#### Önnur skilyrði:

Við leikskólann skal starfa leikskólastjóri sem hefur fagmenntun í leikskólakennarafræðum.

Rekstraraðila ber að láta alla starfsmenn leikskólans framvísa sakavottorði og undirrita yfirlýsingu um að þeir muni gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna þeirra og eðli máls.

Leikskóla sem fengið hefur rekstrarleyfi er skylt að meta með reglubundnum hætti gæði leikskólastarfsins. Upplýsingar um matið ber leikskólanum að birta á vefsíðu leikskólans ásamt tengslum þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

#### 4. gr.

Menntasvið Kópavogs framkvæmir ytra mat og hefur eftirlit með sjálfstætt reknun leikskólum. Ber leikskólunum að láta menntasviði í té gögn um innra mat sitt ásamt öðrum upplýsingum sem eru nauðsynlegar vegna ytra mats og eftirlits.

Önnur skilyrði um rekstur sjálfstætt starfandi leikskóla skulu skilgreind í samningi milli rekstraraðila og Kópavogsbæjar.

Samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs  
24. mars 2022